

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 120/1933. Magnús Jónsson

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Við fyrirtekt máls þessa í hæstarétti í dag mætti áfrýjandi persónulega, lagði fram áfrýjunarstefnu dags. 1. nóv. s. l., og bað um frest til vitnaleiðslu, erlendis til maímánaðar næstkomandi. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti og krafðist frávísunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður hinn umbeðni frestur eigi veittur og það því fremur sem máli þessu hefir áður verið áfrýjað til hæstaréttar og málinu þá verið vísað frá réttinum, þar eð áfrýjandi hafði ekki lagt fram ágrip dómsgerða, og ber því að frávísa málinu.

Svo ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 30 kr. í ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
